

3. janúar 1977.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir óbeina fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 60/1973 um breyting á framangreindum lögum, hefur fjármálaráðuneytið ákveðið í samráði við Hagstofu Íslands og á grundvelli útreikninga hennar, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1976 skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna, sem falla undir 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 25%.
2. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 26.4%.

Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

3. janúar 1977.

Nr. 2.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Lyfjaeftirlit ríkisins nr. 412/1973.

1. gr.

3. gr. 2. málsg. reglugerðarinnar orðist svo:

Innflutningseftirlit varðar eftirlit með tollafgreiðslu sérlyfja og annarra fullbúinna lyfja samkvæmt eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Kirtlar og önnur líffæri til lækninga svo og

A: Antisera og bóluefni.

1. 30.01.00
2. 30.02.10
3. 30.02.20

B: Skráð sérlyf.

1. 30.03.11
2. 30.03.21
3. 30.03.31
4. 30.03.41

B 1